

Bloggsíða Dan Meyer

Á Stærðfræðitorginu er bein tenging yfir í bloggsíðu Dan Meyer en hann birtir reglulega áhugverða pistla um stærðfræðinám og -kennslu. Á síðunni má sjá nánari upplýsingaqr um Dan og þar eru tenglar í fyrirlestra sem hann hefur haldið. Nú í ágúst hefur hann birt nokkra góða pistla um mikilvægi góðra spurninga í stærðfræðikennslu. Hægt er að skrá sig inn á síðunni og fá nýja pistla í tölvupósti.

Fésbókarhópurinn Stærðfræðikennarinn

Í tengslum við **Stærðfræðitorg** er starfandi fésbókarhópur sem heitir Stærðfræðikennarinn. Tengill í hópinn er á forsíðu Stærðfræðitorgsins. Allir sem áhuga hafa á stærðfræðinámi og -kennslu geta óskað þess að ganga í hópinn. Undanfarnar vikur hefur verið bent á fjölmargt áhugavert efni fyrir stærðfræðikennara á fésbókarsíðunni. Stærðfræðikennarar eru hvattir til að ganga í hópinn, taka þátt í umræðum og miðla þar upplýsingum um áhugavert efni. Einnig eru vel þegnar ábendingar um áhugavert efni og upplýsingar sem ættu heima á Stærðfræðitorginu. Slíkar ábendingar má senda til [Guðnýjar Helgu](#).

Úttekt á stærðfræðikennslu í níu framhaldsskólum

Í sumar voru birtar niðurstöður úttektar á stærðfræðikennslu í níu framhaldsskólum. Úttektin var unnin á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins skólaárið 2013-14. Nokkur umræða varð í fjölmiðlum um niðurstöður skýrslunnar og eru stærðfræðikennarar hvattir til að kynna sér hana og ræða niðurstöður hennar. [Skýrsluna má nálgast á vef ráðuneytisins.](#)

Rétt er að minna á að hliðstæð úttekt var gerð á stærðfræðikennslu á unglingsstigi í átta grunnskólum skólaárið 2011-12 og voru niðurstöður þeirrar skýrslu birtar í apríl 2012. Sú skýrsla fékk enga umfjöllun í fjölmiðlum. [Skýrslu um úttektina má nálgast á vef ráðuneytisins.](#)